

Kennifrömuðir

Rjúpnahæð

Jean Piaget

Piaget fæddist í Sviss árið 1896 og dó árið 1980. Hann var náttúrufræðingur að mennt en hafði jafnframt mikinn áhuga á heimspeki og þá sér í lagi þekkingarfræði.

Piaget hélt því fram að það að læra og skilja væri virkt ferli. Þekking er sá árangur sem verður af því sem við gerum. Barnið er háð því að geta rannsakað og gert tilraunir til þess að læra og skilja. Piaget taldi að þróun þekkingar hjá einstaklingi væri ferli hugsmíða og þroska mannsins væri að mestu stjórnað af innri ferlum. Piaget sagði að börn þyrftu að hafa hluti til að læra af og það væri ekki nóg að hafa blað og blýant því börn væru forvitin og læra mest með því að rannsaka umhverfið og byggja þannig upp nýja þekkingu. Þetta er það sem kallast uppgötvunarnám.

Lev Vygotsky

Vygotsky var rússneskur kennari og sálfræðingur. Árið 1962 skrifaði hann bókina Thought and Language. Hann hefur lagt sitt af mörkum í sálfræðinni og má sérstaklega nefna framlag hans um þroska barna. Hann kemur við sögu hugsmíðahyggjunnar með kenningu sinni um félagslegt samspil einstaklings, umhverfis og menningar og er þá oft talað um félagslega hugsmíðahyggju.

Samkvæmt námskenningum hans er nauðsynlegt að kennarinn leiti eftir því að skapa ríkt félagslegt umhverfi sem er hvetjandi til náms bæði í gegnum samskipti við kennarann og einnig á milli nemenda. Vygotsky segir að hlutverk kennara sé að sjá börnum fyrir verkefnum sem liggja innan "svæðis mögulegs þroska" og fylgja þeim eftir með leiðbeiningum eða stuðningi. Einnig er mikilvægt að verkefnin séu aðeins fyrir ofan getu þeirra til þess að þau nái að þroskast frekar en að verkefnin reyni á það sem þau geta fyrir.

Kamii og DeVries

Leikskólastefna Kamii og DeVries er upprunnin í Bandaríkjunum og höfundar hennar eru þær Constance Kamii sem er prófessor við Kennaraháskólann í Alabama, hún einbeitti sér að stærðfræðinámi barna og Rheta DeVries sem hefur einkum einbeitt sér að félags- og siðgæðisþroska barna, hún hefur yfirumsjón með rannsóknarsetri sem rekin er innan Háskólans í Houston, auk þess að vera prófessor við sama skóla.

Kamii og DeVries setja fram nokkur atriði sem kennari yngri barna þarf að hafa í huga ef hann vill hafa uppbyggjandi andrúmsloft í skólastofu sinni. Hann verður alltaf að byrja á því að athuga hvernig samskipti hans við börnin eru í raun, hvort þau byggist á gagnkvæmri virðingu og hvort hann nálgist þau sem jafningja.

Kennarinn á að skapa umhverfi og andrúmsloft sem leiðir til náms því þegar allt kemur til alls eru það gæði umhverfisins sem kennarinn skapar og öll samskipti sem annaðhvort örva eða draga úr þroska barna.

Kamii og DeVries líta á sjálfræði (autonomy) sem markmið sem felur í sér öll önnur markmið. Áhersla er lögð á að börn séu sjálfstæð, vakandi og noti sjálfræði sitt í að framfylgja forvitni sinni, og að börn hafi sjálfstraust til þess að leysa vandamál og segja hug sinn á sannfærandi hátt.

Mikilvægi sjálfræðis hefst á leikskólaaldri og heldur áfram allt lífið. Kamii bendir á að mikilvægt sé að nota aðferðir sem stuðli að sjálfræði barna til þess að þau verði hæfari einstaklingar til að greina á gagnrýnin hátt eigin aðstæður í stað þess að treysta á að aðrir hugsi fyrir þau.

Berit Bae

Er lektor í uppeldisfræði í háskólanum í Ósló. Hún gerði rannsókn á starfi með leikskólabörnum með því að ráða sig í vinnu á leikskóla til að fylgjast með hvernig starfið fer fram. Hún leggur áherslu á gagnvirknistengslakenningu, sem er meðal annars byggð á reglu Hegels um gagnvirkni viðurkenningarinnar. Meginþema í þessum hugsanagangi er að við séum meðvituð um okkur sjálf og sjálfstæði, eingöngu með því að vera viðurkennd af öðrum. En viðurkenningartengsl eru grundvölluð á jafnræði.

Berit Bae leggur áherslu á samskipti barn/ barn og barn/ fullorðinn

Aðal hugtök í hennar kenningum eru:

- Sjálfsvirðing
- Viðurkennandi
- Aðgreining
- Ígrundun/Speglun
- Skilgreiningarvald

Berit Bae segir viðurkennandi samskipti vera grunninn sem allt hvíli á. Í því felst að barnið er sérfræðingur í eigin upplifunum og okkur beri að virða þær,

reyna að setja okkur í spor barnsins og hlusta á það. Viðurkenningin kemur fram í öllu háttarni okkar við aðra og kemur fram í grundvallarframkomu jafnréttis og virðingar.

Berit Bae segir að hugtakið viðurkennandi vera markmið eða vermæti í sjálfu sér. Það að vera viðurkennandi í tjáskiptum felur einmitt í sér að upplifa hluta af þeim gildum sem eru sjálfsvirðing umburðarlyndi og mannleg virðing.

Hugtakið skilgreiningarvald vísar til þess, að fullorðnir eru í sterkari stöðu gagnvart barninu hvað snertir upplifum þess af sjálfu sér. Lítil barn er hins vegar háð þeim fullorðnu sem annast þau. Þess vegna er það sérstaklega mikilvægt að þetta vandamál sé mönnum ljóst þegar unnið er með börn.

Bae segir samskipti vera mjög mikilvæg fyrir alhliða þroska barnsins og það á að viðurkenna þeirra upplifun án þess að leggja á hana dóm. Viðurkenning er talin vera ein að frumpörfum mannsins. Einstaklingurinn hefur þörf fyrir að vera skilinn og viðurkenndur. Með viðurkennandi samskiptum veitum við barninu tækifæri til að þróa jákvæða sjálfsmynd þar sem upplifanir, hugsanir og tilfinningar þess eru virtar.

Að skilja aðra út frá eigin forsendum krefst hlustunar. Að hlusta merkir að vera "opin" fyrir öðrum. Það merkir líka að geta hlustað á annað en orðin. Til að hlusta verðum við að hafna því að stjórna öðrum